



**SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA**

AUSTURVEGI 3B - 800 SELFOSSI - Sími 99-1350 - 99-1086

Alþingi

Erindi nr. P/112/1663

komudagur 19/3 1990

Selfossi, 12.03.1990

Skrifstofa Alþingis.

Efni: Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktanir.

A stjórnarfundi SASS hinn 10. marz. voru eftirfarandi ályktanir gerðar:

Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.

Stjórnin óttast um hag hinna minni sjávarplássu, ef fiskveiðistefnan mótast ekki af byggðasjónarmiðum. Jafnframt óttast stjórnin um afkomu þeirra útgerða sem byggðar hafa verið upp í skjóli sóknarmarks.

Frumvarp til skipulags- og byggingarlaga.

Stjórnin ítrekar fyrri samþykkt sína um vald sveitarstjórna í skipulags- og byggingarmálum sbr. 10.lið fundargerðar 10. nóv. 1989, en mælir að öðru leyti með samþykkt frumvarpsins.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun, þ.e. jöfnun orkuverðs.


Stjórnin mælir með samþykkt frumvarpsins, en bendir á hið æpandi ósamræmi sem nú er í gjalddöku hjá hitaveitum á svæðinu og skorar á hið háa Alþingi að setja löggjöf, sem tryggji að mismunur á gjaldskrá hitaveitna geti aldrei orðið meiri en tvöfaldur.

Þingsályktunartillaga um stefnu í heilbrigðismálum til 2010.

Stjórnin hefur farið yfir þingsályktunartillöguna og telur margt athyglisvert í henni, en varar við miðstýringu í þeim málum.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar SASS

  
Hjörtur Þórarinnsson  
framkv.stj.